

# ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Borgarbyggð kt. 510694-2289 í samningi þessum nefnd verkkaupi og Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ) kt. 411204-3590 í samningi þessum nefndur verktaki gera með sér svohljóðandi samning:

## 1. grein

Verktaki tekur að sér umhirðu og grasslátt á opnum svæðum Borgarbyggðar á Hvanneyri. Verkið felur í sér grasslátt á grunnskólalóð og öðrum svæðum sem gróður er á sbr. kort af opnum svæðum Borgarbyggðar sem er fylgiskjal samnings þessa.

Verktaki skal sinna verkinu á tímabilinu 25. maí til 15. september ár hvert.

Í samráði við tengilið verkkaupa er verktaka heimilt að minnka þau svæði sem hafa verið slegin undanfarin ár og breyta í gróðurbeð með það að markmiði að auka gæði útivistarsvæða á Hvanneyri.

Á meðfylgjandi korti, sem er fylgiskjal samnings þessa, er sýnd afmörkun á leigulóð Borgarbyggðar en þar er það svæði A sem á að hirða um.

Ef sérstakt tilefni er til svo sem vegna Hvanneyrarhátíðar eða annarra staðbundinna viðburða skal verktaki vera í sambandi við aðstandendur viðkomandi hátíðar og leitast við að hafa svæði þannig að hægt sé að nota þau í tengslum við viðburðina.

## 2. grein

Verkkaupi rekur vinnuskóla í sveitarfélaginu hluta á hverju sumri. Þann tíma sem vinnuskólinn er rekinn skal verktaki verkstýra þeim nemendum sem eru í vinnuskólanum á Hvanneyri. Skal það gert í samráði við stjórnendur vinnuskólans hjá verkkaupa. Verkstjórinn skal hafa þau réttindi og skyldur sem aðrir stjórnendur í vinnuskólanum hafa. Verkkaupi greiðir nemendum í vinnuskólanum laun og eru þau ekki hluti af samningi þessum en launakostnaður verkstjóra er greiddur af verktaka.

## 3. grein

Verkefnisstjóri af hálfu verktaka er umsjónarmaður útisvæða LbhÍ. Verkefnisstjórinn ber ábyrgð á verkinu gagnvart verkkaupa og gerir honum grein fyrir framgangi verksins og öðru sem því tengist. Tengiliður af hálfu verkkaupa er sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs hjá Borgarbyggð.

## 4. grein

Samningur þessi gildir frá og með 25. maí 2020 til 1. október 2025. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum fyrir 01. október ár hvert og skal uppsögn þá taka gildi um næstu áramót þar á eftir.

## 5. grein

Verkkaupi greiðir verktaka kr. 1.375.000 á ári og skal verktaki senda verkkaupa reikning. Gjaldldagi reikningsins er 01. október ár hvert. Aðilar samnings er sammála una að endurskoða fjárhæðina í apríl á hverju ári með tilliti til umfang verksins.

## 6. grein

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Með undirritun sinni staðfesta báðir aðilar samning þennan

Borgarnesi ..... 2020

\_\_\_\_\_  
*f.h. Borgarbyggðar*

\_\_\_\_\_  
*f.h. Landbúnaðarháskóla Íslands*

*Vottar:*

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_